

Nd.

270. Frumvarp til laga

[143. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Miklaholtshelli í Hraungerðishreppi.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Bjarna og Einari Eiríkssonum jörðina Miklaholtshelli í Hraungerðishreppi fyrir það verð, sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni ábúenda jarðarinnar Miklaholtshellis, bræðranna Bjarna og Einars Eiríkssona. Hreppsnefnd Hraungerðishrepps mælir eindregið með söluverðinu, sbr. ályktun nefndarinnar frá 13. des. s. l., sem prentuð er sem fylgiskjal hér á eftir.

Fylgiskjal.

Túni, 6. janúar 1973.

Hr. Bjarni og Einar Eiríkssynir
Miklaholtshelli.

Hreppsnefnd Hraungerðishrepps bókaði eftirfarandi ályktun á fundi sínum 13. des. s. l. vegna bréfs ykkar, dags. 8. s. m.

„Hreppsnefndin mælir einróma með beiðni þeirra Einars og Bjarna Eiríkssona um, að þeir fái ábýlisjörð sína Miklaholtshelli keypta.“

Virðingarfyllt,

Oddvitinn Hraungerðishreppi,

Stefán Guðmundsson.